



Umsókn um styrk úr Forvarna- og framfarasjóði

Hægt er að fylla umsóknina út og senda hana sem viðhengi á netfangið: ennbetri@reykjavik.is

Reykjavíkurborg veitir styrki úr Forvarna- og framfarasjóði Reykjavíkurborgar tvisvar á ári. Markmið Forvarna- og framfarasjóðs er að stuðla að árangri í forvarnarstarfi, eflingu félagsauðs, auknu öryggi og bættri umgengni í borginni. Einnig er hlutverk sjóðsins að gefa einstaklingum, félagsamtökum, fyrirtækjum og stofnunum tækifæri til frumkvæðis og nýsköpunar á þessum sviðum í samstarfi við Reykjavíkurborg. Nánari upplýsingar um sjóðinn má finna á heimasíðu Reykjavíkurborgar á slóðinni www.reykjavik.is/ennbetri.

Umsókn um styrk úr Forvarna- og framfarasjóði vegna verkefnisins:

Útikennsluáðstaða í Reynislundi - framhaldsstyrkur

Styrkumsækjandi:

Nafn:	Kennitala:
Foreldraráð leikskólans Reynisholts	591006-2230
Heimilisfang (gata og húsnúmer/póstnr./staður):	Símanúmer:
Gvendargeisli 13	
Netfang:	Farsími:
foreldrarad.reynisholt@gmail.com	

Forráðamaður/tengiliður (ef annar en styrkumsækjandi):

Nafn:	Kennitala:
Sigurlaug Einarsdóttir leikskólastjóri - Aðalheiður Stefánsdóttir aðst	141051-4319
Heimilisfang (gata og húsnúmer/póstnr./staður):	Símanúmer:
Gvendargeisli 13	517-5560
Reikningsupplýsingar (banki-höfuðbók-reikningsnr.)	Farsími:
545-26-1891	

Sótt er um styrk vegna verkefnis á sviði:

- Forvarna í þágu barna og ungmenna Lýðheilsu
- Öryggis íbúa Fegrunar hverfis
- Samstarfs íbúa, félagsamtaka, fyrirtækja og borgarstofnana í þágu forvarna og félagsauðs

Tilgreinið styrkuppshæð sem sótt er um
(án þess er umsóknin ekki tekin gild)

Upphæð:

300.000

Hefur Reykjavíkurborg áður styrkt verkefni umsækjanda?

Nei Já

Hvenær:

November 2009

Upphæð:

1.200.000

Hefur Reykjavíkurborg áður synjað samsvarandi styrkbeiðni?

Nei Já

Hvenær:

Upphæð:

Athugið að umsókn þessi verður höfð til hliðsjónar við gerð samnings komi til styrkveitingar til verkefnis og því er mikilvægt að allar upplýsingar, sem hér á eftir koma, séu nákvæmar.

Stutt lýsing á verkefninu*:

Reynislundur hefur tekið stakkaskiptum undanfarið ár og er nú öruggt og fallett leiksvæði. Nú sækjum við um framhaldsstyrk til að geta haldið áfram með það sem upp á vantar og til að geta haldið lundinum öruggum s.s með viðhaldi, viðgerðum og varðveislu.

*Hér er átt við hnitmiðaða og lýsandi kynningu á verkefninu (3 línur að hámarki).

Markmið verkefnis eða starfsemi*:

Þau leiktæki sem hönnuð hafa verið í Reynislundi eru öll úr náttúrulegum efniviði s.s. timbri og hampi. Til að verja þau fyrir ágangi bæði barna og veðurfars er mikilvægt að bera viðaraburð á allan við og að skipta út þeim hampi sem farin er að slitna.

Því er markmið þessa verkefnisins:

Að klára það sem upp á vantar til að leiktækin í Reynislundi haldist örugg og verja þau fyrir veðrun.

Að viðhalda útikennsluástöðunni sem útbúin hefur verið í Reynislundi s.s. með að skipta út slitnum hampi (köðlum og snærum).

* Hér er óskað eftir ítarlegri lýsingu á verkefninu og markmiðum/afrakstri þess.

Hvernig fellur verkefnið að markmiðum Forvarna- og framfarasjóðsins:

Reynislundur er nú eitt af góðum leiksvæðum í hverfinu. Bæði börn og fjölskyldur leita í lundinn eftir að leikskóla líkur og um helgar. Umgengni hefur verið góð í lundinum eftir að umhverfið varð öruggt og fallett. Því stuðlar verkefnið að bættri umgengni í borginni, öruggi íbúa og bættri lýðheilsu. Foreldrar og starfsfólk hafa unnið saman að uppbyggingu Reynislundar og höfum við einnig fengið gesti t.d. frá hinum leikskólunum í hverfinu. Þannig stuðlar verkefnið að markvissu samstarfi íbúa og borgarstofnanna í þágu forvarna og félagsauðs.

Markmið Forvarna- og framfarasjóðsins má finna í úthlutunarreglum sjóðsins á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/ennbetri.

Verk- og tímaáætlun*:

Foreldrar og starfsfólk mun vinna saman að viðhaldi Reynislundar á ákveðnum vinnukvöldum eða vinnuhelgum bæði að vori og hausti.

Það sem liggur fyrir að gera í vor er:

Að bera viðarvörn á leiktæki sem byggð voru í lundinum síðastliðið vor

Að yfirfara plöntur og bæta við.

Að gera við kaðla og aðrar festingar í leiktækjum.

Að bæta við kurli bæði undir leiktæki vegna fallhættu og í göngustíga.

Önnur fjármögnun eða starfsemi og gögn því til stuðnings*:

Engin önnur fjármögnun

* Tilgreinið sérstaklega ef sótt er um aðra styrki samhliða umsókn í Forvarna- og framfarasjóð.

Kostnaðaráætlun (Tekjur):

engar aðrar tekjur

Kostnaðaráætlun (Gjöld):

Viðarvörn:	80.000kr
Penslar og fl:	50.000kr
Skrúfur, hampur og annað til að viðhalda öryggi leiktækja	50.000kr
Tré, runnar, laukar og blóm	70.000kr
Leiga á tækjum	50.000kr
alls	300.000kr

Forsvarsmaður ábyrgist að verkefnið svari til lýsingarinnar og að framvinda verði með þeim hætti sem þar er lýst. Stuðningur Forvarna- og framfarasjóðs við verkefnið er bundinn þeirri forsendu að verkefnið og framvinda þess verði í samræmi við lýsingu og áætlanir.

Með því að skila inn umsókn staðfestir umsækjandi að hann hafi kynnt sér og muni hlíta úthlutunarreglum Forvarna- og framfarasjóðs Reykjavíkurborgar, sem samþykktar voru í borgarráði 19. júní 2008, og þeim skilyrðum sem sett eru fyrir úthlutun styrksins. Athygli er vakin á því að umsóknargögn eru opinber skjöl og því gildi um meðferð þeirra upplýsingalög nr. 50/1996.

Umsókn ásamt fylgigögnum skal skilað til:

Skrifstofu borgarstjóra, Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík eða á netfangið ennbetri@reykjavik.is

Nánari upplýsingar veita: **Regína Ásvaldsdóttir**, skrifstofustjóri borgarstjóra, í síma 411-4500, regina.asvaldsdottir@reykjavik.is og **Hildur Kjartansdóttir**, verkefnisstjóri á skrifstofu borgarstjóra, í síma 411-4504, hildur.kjartansdottir@reykjavik.is.

Upplýsingar veitir einnig Símaver Reykjavíkurborgar s. 4 11 11 11

Skilyrði um styrkveitingar úr Forvarnar- og Framfarasjóði Reykjavíkurborgar

1. Markmið Forvarna- og framfarasjóðs Reykjavíkurborgar er að stuðla að árangri í forvarnastarfi, eflingu félagsauðs, auknu öryggi og bættri umgengni í borginni. Einnig er hlutverk sjóðsins að gefa einstaklingum, félagasamtökum og fyrirtækjum tækifæri til frumkvæðis og nýsköpunar á þessum sviðum í samstarfi við fagsvið Reykjavíkurborgar og þjónustumiðstöðvar velferðarsviðs. Umsjón með Forvarna- og framfarasjóði er á ábyrgð skrifstofu borgarstjóra.
2. Styrkir úr sjóðnum skulu eingöngu veittir til verkefna með að minnsta kosti eitt eftirtalinna markmiða:
 - I. Forvörnum í þágu barna og unglinga
 - II. Bættri lýðheilsu
 - III. Auknu öryggi íbúa
 - IV. Fegurri ásýnd hverfis
 - V. Markvissu samstarfi íbúa, félagasamtaka, fyrirtækja og borgarstofnana í þágu forvarna og félagsauðs
3. Skrifstofa borgarstjóra auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum í helstu dagblöðum og á vef Reykjavíkurborgar í byrjun febrúar og september ár hvert á árunum 2008 til 2010. Frestur til að skila inn umsóknum skal vera þrjár vikur.
4. Styrkir skulu greiddir út í apríl og nóvember ár hvert á árunum 2008 til 2010. Styrkir að upphæð allt að 2 mkr. eru greiddir út í einu lagi. Styrkir að hærri upphæð en 2 mkr. eru greiddir út í tvennu lagi. Síðari greiðslan er greidd þremur mánuðum á eftir þeirri fyrri (júlí/febrúar).
5. Að öllu jöfnu skulu verkefni að lágmarki ná yfir þriggja mánaða tímabil. Ekki eru að jafnaði veittir styrkir til einstakra viðburða.

Ekki eru veittir styrkir til sama verkefnis oftar en þrisvar sinnum.
6. Ráðgjafahópur skipaður af borgarstjóra metur umsóknir um styrki úr sjóðnum. Í hópnum skulu sitja fimm fulltrúar með þekkingu á sviði forvarna og félagsauðs. Fulltrúarnir skulu koma af aðalskrifstofu velferðarsviðs (formaður), skrifstofu borgarstjóra, iþrótt- og tómstundasviði, auk tveggja sérfræðinga utan borgarkerfisins með sérþekkingu á forvörnum. Að fengnu mati ráðgjafahópsins gerir borgarstjóri tillögu til borgarráðs um úthlutun úr sjóðnum tvisvar sinnum á ári.
7. Hverfisráð skulu veita umsögn um umsóknir áður en þeim er vísað til ráðgjafahóps. Umsagnirnar skulu berast ráðgjafahópnum innan þriggja vikna frá því umsóknarfrestur rennur út. Ráðgjafahópur skal skila mati á umsóknum til borgarstjóra innan þriggja vikna frá því að umsögnir um umsóknir hafa borist frá hverfisráðum.
8. Einstaklingar, fyrirtæki, félagasamtök og stofnanir, jafnt á vegum Reykjavíkurborgar sem annarra aðila, geta sótt um styrki úr sjóðnum.
9. Umsækjendur sækja um styrki úr sjóðnum á þar til gerðum eyðublöðum á vef Reykjavíkurborgar (<http://www.reykjavik.is/styrkir>). Í umsóknum um styrki skal taka fram nafn, kennitölu og heimilisfang ábyrgðaraðila. Umsóknum skal fylgja greinargerð um viðkomandi verkefni, markmið þess og framgang. Leggja skal fram kostnaðaráætlun og gögn þar að lútandi. Hafi umsækjendur áður fengið styrk frá Reykjavíkurborg skal fylgja greinargerð með upplýsingum um upphæð styrksins, ráðstöfun og nýtingu fjármunanna.
10. Styrkþegar skulu skila Reykjavíkurborg greinargerð um ráðstöfun styrksins í árslok ef styrkur er veittur í apríl en í árslok næsta árs á eftir ef styrkur er veittur í nóvember.
11. Styrkir úr sjóðnum eru ekki greiddir út fyrir en styrkþegar hafa skuldbundið sig til að hlíta settum skilyrðum og verkefni, sem styrkir hafa verið veittir til, hafa sannarlega verið hafin.

Komi í ljós að styrk úr sjóðnum hafi ekki verið varið í tilgreindar framkvæmdir innan tveggja ára frá greiðslu hans eða vikið hafi verið frá upplýsingum í umsókn, skal

styrkþegi endurgreiða styrkinn þegar í stað. Ofan á endurgreiðslu færast hæstu löglegu dráttarvextir frá og með þeim degi þegar liðinn er mánuður frá því að krafa um endurgreiðslu var lögð fram. Endurgreiðsla tekur mið af breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs sem er í maí 2008 304,4 stig.

Sé styrkur ekki sóttur áður en úthlutun næsta árs á eftir er samþykkt í borgarráði Reykjavíkur, fellur hann niður.

12. Styrkþegar skulu ávallt birta merki Reykjavíkurborgar og láta þess getið í kynningarefni að verkefnið hafi hlotið styrk úr sjóðnum.
13. Skrifstofa borgarstjóra / Reykjavíkurborg getur sett sérstök skilyrði um styrkveitingar úr sjóðnum, svo sem að lögð verði áhersla á tiltekin málefni eða málaflokka. Þá getur ráðgjafanefndin sett skilyrði um einstakar styrkveitingar úr sjóðnum, s.s. að styrkur skuli greiddur út í fleiri hlutum en tveimur, eins og fram kemur í 4. gr., og að framkvæmdum sé lokið innan tiltekinna tímamarka.

Reglurnar voru samþykktar í borgarráði 19. júní 2008.